

**Minnisblað**

Efni: Endurskoðun á afsláttarkjörum á leikskólagjöldum.

Málsnr.: 2403008

Dags.: 8.4.2024

Unnið af: RS

Bókun 137. fundar Fræðslu- og frístundanevndar 11.3.2024**2403008 - Endurskoðun afsláttarkjara vegna leikskólagjalda í Fjallabyggð**

Erindi barst frá fulltrúum H-listans þar sem óskað er eftir að afnám námsmannaafsláttar af leikskólagjöldum, í kjölfar breytinga á reglum um umsóknir og innritun í Leikskóla Fjallabyggðar í október 2023, verði tekið til endurskoðunar. Óskað er eftir birtingu erindisins með fundargerð.

Fræðslu- og frístundanevnd þakkar fyrir erindið. Nefndin felur deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála að taka saman upplýsingar um afsláttarkjör nágrannasveitarfélaga og skoða hvort og með hvaða hætti komið er til móts við námsmenn í gjaldskrá leikskóla. Umræðu frestað til næsta fundar.

Afgreiðslu frestað

Vinnsla máls.

Eftirfarandi er samantekt unnin upp úr opinberlega birtum gjaldskráum sveitarfélaga.

Skoðað var hvort afsláttur af leikskólagjöldum væri tilgreindur í gjaldskrá.

Sveitarfélag	Námsmanna-afsláttur	Skilyrði	Annar afsláttur	Nánari upplýsingar
Akureyrarkaupstaður	Nei		Tekjutengdur fjölskylduafsláttur 0-75%	https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/Gjaldskrar-2024/gjaldskrar-leikskola-2024.pdf

Dalvíkurbyggð	Já 30% ekki ofan á annan afslátt.	Háskólanám lágmark 22 ECTS á önn. Framhaldsskóla fullt nám lágmarki 15 einingar á önn		Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða. Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingarfjölda og staðfestingu á því að um fullt nám sé að ræða. Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánshæft er hjá LÍN. Afsláttur reiknast frá þeim degi sem skólavottorðum er skilað til leikskólastjóra leikskóla barnsins. Daggjöld eru niðurgreidd að hámarki 11 mánuði á ári og er ekki greitt aftur í tímann. Umsókn skal endurnýjuð árlega, fyrir 15. ágúst og afhent leikskólastjóra. https://www.dalvikurbyggd.is/is/stjornsysla/fjarmal-og-rafraen-stjornsysla/gjaldskrar
Eyjafjarðarsveit	Já	Báðir foreldrar í námi, eða annað foreldri í námi og hitt foreldrið atvinnulaust 33,33%.		Foreldrar í námi þurfa að sýna fram á skólagöngu sína með skólavottorðum í byrjun hverrar annar. Á vottorðinu þarf að koma fram að viðkomandi sé í fullu námi sem varir að minnsta kosti í eitt ár. Í lok annar þarf að skila staðfestingu um námsframvindu. Foreldrar sem eru atvinnulausir og falla undir lægra gjaldið verða að skila vottorði frá Vinnumálastofnun um hver mánaðamót. https://www.esveit.is/is/stjornsysla/skjol-og-utgefing-efni/verdskrar
Húnabyggð	Nei		Forgangs- hópur 40%	Ekki skilgreint nánar
Hörgársveit	Já 25-50%	25%: Annað foreldri námsmaður, 75% öryrki eða atvinnulaust 50%: báðir námsmenn, 75% öryrki eða atvinnulaust		Foreldrar í námi þurfa að sýna fram á skólagöngu sína með skólavottorðum í byrjun hverrar annar. Á vottorðinu þarf að koma fram að viðkomandi sé í fullu námi sem varir að minnsta kosti í eitt ár. Í lok annar þarf að skila staðfestingu um námsframvindu. Foreldrar sem eru atvinnulausir verða að skila vottorði frá Vinnumálastofnun um hver mánaðamót. Foreldrar sem eru 75% öryrkjar þurfa að skila inn vottorði frá Tryggingastofnun. https://www.horgarsveit.is/static/files/Stjornsysla/gjaldskrar/leiks-koli-2024.pdf

Norðurþing	Nei		Tekjutengdur fjölskylduafsláttur 0-75%	https://www.nordurthing.is/is/stjornsysla/skjol-og-utgefid-efni/gjaldskra#gjaldskra-leikskola
Reykjavíkurborg	Já 58% af vistunargjaldi	Báðir foreldrar (giftir eða í sambúð) eru í fullu námi.		Tveir gjaldaflokkar. Sjá https://reykjavik.is/gjaldskrar/leikskolagjold
Skagafjörður	Nei		40% / 20% tekjutengd viðbótar niðurgreiðsla	https://www.skagafjordur.is/is/thjonusta/skolarogborn/leikskolar#reiknival-leikskolagjalda

Samantekt á þeim skilyrðum sem algengt er að sett séu í gjaldskrár þar sem námsmannaafsláttur er skilgreindur:

- Af fyrsta barni, svo tekur við systkinaafsláttur.
- 100% nám – láns hæft. ECTS einingar – lágmark staðnar 22 ECTS á önn
- Vottorð um skráningu í fullt nám í byrjun hvernar annar og staðfesting á loknum einingum í lok annar.
- Báðir forráðamenn í námi eða annar í námi og hinn atvinnulaus/öryrki
- Kemur ekki ofan á annan afslátt s.s. einstæðir foreldrar.

Ríkey Sigurbjörnsdóttir

deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála